

Undirritaðir aðilar, annars vegar **Hafnarfjarðarkaupstaður** kt. 590169-7579 sem verkkaupi og hins vegar **Hópbílar hf.** kt. 430192-2059 sem verktaki, gera með svo hljóðandi

## VERKSAMNING UM SÉRHÆFÐA AKSTURSPJÓNUSTU Í HAFNARFIRÐI 2020-2024

### 1. gr.

#### Samningsverkið

Verktaki tekur að sér að annast sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði. Verkið felst í því að aka fötluðu og öldruðu fólki í Hafnarfirði til áfangastaða á höfuðborgarsvæðinu, *sjá grein 1.6.1.1 Yfirlit yfir verkið í útboðsgögnum.*

Verk þetta skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

- a) Útboðsgögn nr. 21065 (útboðs- og samningsskilmálar ásamt verklýsingu), dags. nóvember 2019.
- b) Viðauki við útboðsögn - Spurningar og svör, dags. 6. desember 2019.
- c) Tilboð verktaka ásamt fylgigögnum.
- d) Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.
- e) Verktrygging.
- f) Fundargerð, dags. 7. febrúar 2020.

og eru nefnd gögn hluti af samningi þessum.

### 2. gr.

#### Samningstími

Samningstíminn er 4 ár samkvæmt grein 1.5.2 *Samningtími* í útboðsgögnum, frá 1. júlí 2020 til 30. júní 2024. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn.

### 3. gr.

#### Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verktaka samkvæmt tilboði hans *samtals fyrir fjögur ár, kr. 820.986.900*, með þeim breytingum sem leiða kunna af ákvæðum samningsgagna.

Verktaki skal gera reikninga fyrir verkið í samræmi við grein 1.5.6 *Greiðslur* í útboðsgögnum. Allir reikningar sem berast verkkaupa skulu vera á rafrænu formi ásamt fylgiskjölum. Reikninga skal skrá á Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, v/Sérhæfð akstursþjónusta, Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður.

### 4. gr.

#### Verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu samkvæmt grein 1.5.11.1 *Verktrygging* í útboðsgögnum.

Verktrygging skal miðast við 1% af samningsfjárhæð eða **kr. 8.209.869**, og stendur óbreytt til verkloka.

Ef verksamningur er framlengdur skal verktaki gefa út nýja verktryggingu sem nemur 1% af samningsfjárhæð hvers árs að viðbættum verðbótum.

**5. gr.**  
**Vanefndir**

Verði vanefndir á þessum samningi af hálfu verktaka, þá er verkkaupa heimilt að rifta samningnum að undangengnum tveimur viðvörðunum til verktaka.

**6. gr.**  
**Ýmis ákvæði**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningnum, sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. gr. samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði, / 2020

**Verktaki:**

---

F.h. Hópbíla hf.

**Verkkaupi:**

---

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

**Vottar:**

---

---